

Aðstaða fyrir Varðskipið Ægir á Flateyri undir snjóflóðasafn.

Til : Birgir Gunnarsson
Frá : Eyþór Jónsson <jovinsson@gmail.com>
CC : Bryndís Ósk Jónsdóttir;Helena Skaptason Jónsdóttir
Heiti : Aðstaða fyrir Varðskipið Ægir á Flateyri undir snjóflóðasafn.
Málsnúmer : 2020080056
Málsaðili : Eyþór Jónsson
Skráð dags : 06.10.2020 07:06:50
Höfundur : Eyþór Jónsson <jovinsson@gmail.com>

Viðhengi [ATT00003.CATT00003.c](#)
[vardskip-stadsetning-flateyri.jpeg](#)[vardskip-stadsetning-flateyri.jpeg](#)
[ATT00002.CATT00002.c](#)
[IMG_3184b.jpg](#)[IMG_3184b.jpg](#)
[ATT00001.CATT00001.c](#)
[vidskiptaaetlun-snjoflodasafn-27ept2020.pdf](#)[vidskiptaaetlun-snjoflodasafn-27ept2020.pdf](#)

Góðan dag.

Erindi til Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

Ósk um aðstöðu fyrir Varðskipið Ægir á Flateyri undir snjóflóðasafn, gístiaðstöðu og menningarstarfsemi.

Mikil vinna hefur farið í það undanfarna mánuði að finna lausn á húsnæðisvanda Snjóflóðasafnsins á Flateyri. Meðal annars hefur verið leitað til Ísafjarðarbæjar varðandi Svarta Pakkhúsið á Flateyri án þess að niðurstaða hafi fengist. Nú hefur sú hugmynd spröttið upp að fá Varðskipið Ægir vestur til Flateyrar undir Snjóflóðasafnið, þar sem skipið gengdi lykilhlutverki í björgunaraðgerðum í snjóflóðinu á Flateyri árið 1995.

Landhelgisgæslan hefur tekið vel í hugmyndina enda hefur skipið ekki verið í notkun undanfarin ár og glæsilegu hlutverki þess innan Landhelgisgæslunnar lokið. Það væri því mikill sómi í því að finna skipinu nýtt og spennandi hlutverk á Flateyri, fremur en að fara í brotajárn. Skipið hentar frábærlega undir starfsemi Snjóflóðasafnsins, sem verður sett upp í hluta skipsins, til að mynda í þyrluskýlinu og víðar á meðan aðrir hlutar skipsins verða nýttir undir fjölpætta starfsemi, eins og fyrir gistingu, veitingarekstur og menningarstarfsemi, svo eitthvað sé nefnt.

Ljóst er að koma varðskipins til Flateyrar verður mikil lyftistöng fyrir Flateyri og Vestfirði í heild og líklegt að það verði aðdráttarafll og glæsilegt kennileiti fyrir svæðið ásamt því að skapa fjölda starfa. Um borð verður einstakt snjóflóðasafn og ein óhefðbundnasta gístiaðstaða Íslands, þar sem hvergi er boðið upp á sambærilega gistingu á Íslandi í dag, þrátt fyrir augljósa tengingu Íslands (og Vestfjarða) við hafið.

Varðskipið Ægir er í góðu standi og var mikið endurnýjaður árið 2005, þar sem m.a. brú og íbúðir skipverja voru endurbyggðar, svo skipið er klárt með 48 rúmum í 24 káetum sem flest hafa sér sturtu og salerni. Þá vill það svo til að undirritaður hefur verið að vinna að því, í samstarfi við Sjóminjasafnið í Reykjavík, að hanna og setja upp nýja sögusýningu um borð í Varðskipinu Óðni, sem er til sýnis í Reykjavíkurhöfn. Þannig að ég hef bæði kynnt mér skipin og sögu þess ásamt því að kanna margvíslega möguleika til sýningarhalds og starfsemi auk þess að skoða rekstrarforsendur og kostnað.

Við teljum vera góðar rekstrarforsendur fyrir fjölbreytta starfsemi í skipinu sé hægt að finna því hentuga staðsetningu á Flateyri, á sjó eða landi. Á meðfylgjandi mynd má sjá fjórar tillögur að staðsetningu skipsins. Að okkar mati er kostur A vænlegastur, en þar er gert ráð fyrir að skipið þurfi 50m bryggjukannt. Hægt væri að minnka þá þörf til muna ef settur verður upp “stuðpúði” við stefni þess, þannig að skipið myndi færast ofar á eyrina. Það mætti hugsa sér að skipið gæti fengið tímabundna aðstöðu við núverandi bryggjukannt (staðsetning A) til reynslu í 3-5 ár og þegar starfsemin hefur sannað sig væri hægt að útbúa varanlegri aðstöðu fyrir skipið á Flateyri.

Hér með er því óskað eftir samtali við Ísafjarðarbæ um að finna Varðskipinu Ægi staðsetningu á Flateyri og viðeigandi aðstöðu fyrir fjölbreytta ferðaþjónustu og menningarstarfsemi með tilliti til deiliskipulags, snjóflóðahættu og annarra þátta. Að auki er óskað eftir tímabundinni eða varanlegri eftirgjöf af hafnargjöldum og/eða öðrum kostnaði til að lágmarka stofn- og rekstrarkostnað svo þetta einstaka og metnaðarfulla verkefni geti orðið að veruleika.

Meðfylgjandi er

- 1) Afstöðumynd af höfninni á Flateyri.
- 2) Viðskiptaáætlun fyrir Snjóflóðasafnið á Flateyri. (Vinsamlegast birtið ekki viðskiptaáætlun opinberlega.)
- 3) Mynd af Varðskipinu Ægir við Flateyrarhöfn.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Með bestu kveðju,

Eyþór Jóvinsson